

Embætti ríkissaksóknara laust til umsóknar

Innanríkisráðuneytið auglýsir embætti ríkissaksóknara laust til umsóknar. Miðað er við að innanríkisráðherra skipi í embættið frá og með 1. apríl 2011. Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvalds, en um verkefni og starfsskyldur ríkissaksóknara má finna upplýsingar í lögum og á heimasíðu embættisins, www.ríkissaksoknari.is. Laun eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Ríkissaksóknari skal fullnægja skilyrðum 4. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998 til skipunar í embætti dómara við Hæstarétt, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um, eftir því sem við á: 1) menntun og framhaldsmenntun, 2) reynslu af dómstörfum, 3) reynslu af lögmannsstörfum, 4) reynslu af stjórnarsýslustörfum, 5) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 6) reynslu af stjórnun, 7) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtist í embætti ríkissaksóknara, 8) upplýsingar um almenna og sérstaka starfshæfni, 9) upplýsingar sem snúa að andlegu atgervi, áræði og sjálfstæði, 10) upplýsingar um þrjá fyrrverandi samstarfsmenn sem geta veitt bæði munnlegar og skriflegar upplýsingar um störf, samstarfshæfni og aðra hæfni umsækjanda og 11) aðrar upplýsingar sem varpað geta ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skipta fyrir störf ríkissaksóknara.

Umsóknir óskast sendar rafrænt á netfangið postur@irr.is eða skriflega til innanríkisráðuneytis, Skuggasundi, 150 Reykjavík. Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) afrit af prófskírteinum, 2) afrit dóma í munnlega fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 3) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 4) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið á síðustu 12 mánuðum, 5) útgefin fræðirit og afrit af tímaritsgreinum umsækjanda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar og 6) önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem ríkissaksóknari.

Innanríkisráðherra hefur ákveðið að fela nefnd að fara yfir þær umsóknir sem berast og á nefndin að skila ráðherra rökstuddu álit á hæfni umsækjanda. Við mat sitt skal nefndin hafa hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem koma fram í 4. gr. reglna nr. 620/2010 um störf dómnefndar sem fjalla um hæfi umsækjanda um dómaraembætti. Niðurstaða nefndarinnar skal byggð á heildstæðu mati á eiginleikum umsækjanda, með tilliti til eðlis starfsins.

Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum, skulu umsækjendur gefa upp tölvupóstfang sem notað verður til að eiga öll samskipti við umsækjendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir. Taka skal fram að ráðuneytið kann að óska eftir upplýsingum frá umsækjendum um fjárhag þeirra og hagsmunatengsl sem kunna að hafa áhrif á almennt og sérstakt hæfi ríkissaksóknara.

Umsóknir skulu berast innanríkisráðuneytinu eigi síðar en 28. febrúar nk. Nánari upplýsingar um starfið veitir Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í innanríkisráðuneytinu í síma 545 9000.

Innanríkisráðuneytinu

11. febrúar 2011